

Viðbragðsáætlun: sniðmát

Athugið!

Þetta skjal er dæmi um sniðmát sem hægt er að nýta til að auðvelda vinnuna við gerð viðbragðsáætlunar. Eyða skal texta sem telst óþarfi eða á ekki við.

Metið þörfina fyrir að eiga einnig viðbragðsáætlun á ensku.

Við gerð viðbragðsáætlunar er mælt með að leita eftir ráðgjöf frá aðilum sem koma að málum þegar neyðartilfelli skapast, s.s. öryggisfyrirtæki, slökkvistjóra og fulltrúa almannavarna.

202X

Viðbragðsáætlun

Innihald

Viðbragðsáætlun: sniðmát.....	1
1. Upplýsingar um útgáfu viðbragðsáætlunar	4
2. Upplýsingar um almannavarnastig	4
3. Símbóðatré.....	5
4. Byggingaruppdrættir af öllum hæðum.....	6
5. Rýmingaráætlun	6
6. Viðbragðsaðgerðir.....	6
7. Listi yfir búnað og birgðir.....	7
8. Forgangslisti fyrir björgun safngripa.....	9
9. Leiðbeiningar um björgun safngripa og eyðublað fyrir flutning/ ástandsskoðun	10
10. Tilkynningar um tjón.....	13
11. Upplýsingar um meðhöndlun gripa eftir tegund atviks: yfirlit	14
12. Upplýsingar um stöðu úrbóta	17
13. Athugasemdir	19

1. Upplýsingar um útgáfu viðbragðsáætlunar

Hér skal koma fram hvenær þessi útgáfa var gerð.

t.d. Útgáfa 1.0 maí 2024 Ábyrgðarmaður:

2. Upplýsingar um almannavarnastig



Grænt: óvissustig

Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.



Gult: hættustig

Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum, þó ekki svo alvarlega að um neyðarástand sé að ræða. Á hættustigi er hægt að bregðast við hugsanlegri vá áður en safngripir verða fyrir tjóni.



Rautt: neyðarstig

Þegar slys eða hamfarir hafa orðið.

3. Símbaðatré: dæmi

Vá	Nafn	Sími og annað	Aðili/ sérhæfð færni/ hlutverk/þjónusta	Viðbragðstími
Í öllum tilfellum	Hringja alltaf fyrst í:	S: Facebook:		
			Tryggingafélag	

Eldsvoði	Hringja í:		Náttúruhamfaratryggingar	
Náttúruhamfarir	Hringja í:			
Veitubilun			Pípulagningamaður	
Rafmagnsbilun			Rafvirki	
Annað			Flutningafyrirtæki	
			Forvörður	
			Trésmiður	
			Nágranni	
			Sjálfböðaliði	

4. Byggingaruppdrættir af öllum hæðum

Setjið hér inn teikningar/byggingaruppdrætti (stærð: A4) af öllum hæðum og merkið inn staðsetningu neyðarútganga, slökkvitækja, aðalrafmagnstöflu, stjórnborðs öryggiskerfis og vatnsinnstaks fyrir heitt og kalt vatn.

5. Rýmingaráætlun

Setjið hér inn teikningar/byggingaruppdrætti (stærð: A4) af öllum hæðum sem sýna hvernig á að rýma safninu og hafið stuttan texta með.

6. Viðbragðsaðgerðir

Hér skal lýsa aðgerðum við ýmsar aðstæður, t.d.:

Eldur

Lýsið hvað skal gera ef vart verður við reyk eða eld.

Rafmagnstruflun

Setjið inn ljósmyndir af aðalrafmagnstöflunni og lýsið á einfaldan hátt hvað skal gera til að slökkva á rafmagni eða setja það af stað.

Vatnsleki

Setjið inn ljósmyndir af vatnsinnstökum fyrir heitt og kalt vatn og lýsið á einfaldan hátt hvað skal gera.

Einnig er gott að nefna hvenær á að hafa samband við tryggingafélag eða viðeigandi aðila.

7. Listi yfir búnað og birgðir: dæmi

Hér koma fram upplýsingar um búnað sem getur komið að gagni þegar vá skellur á. Fyrst er greint frá lista yfir búnað og hvar er hægt að nálgast hann, síðan er listi yfir efni og verkfæri sem gott er að eiga í neyðarkistu.

Búnaður: dæmi

Lýsing	Staðsetning, fáanlegt hjá eða athugasemdir
vatnsdælur	
hreinar ruslatunnur	
stigi	
verkfæri	
ryksugur	
felliborð	
færanlegur ljósabúnaður	
vasaljós	
vatnsslöngur	
ruslagámur	
loftblásarar	
frystigámur	
kúluplast	
plastkassar til flutninga	
Talstöð	

Í neyðarkistunni eiga að vera birgðir sem má grípa til við fyrstu viðbrögð. Mikilvægt er að fara yfir neyðarkistuna reglulega og endurnýja birgðir sem skemmast með tímanum, s.s. gúmmíhanska, rafhlöður og límband.

Mælt er með því að kistan sé á aðgengilegum stað, annaðhvort við inngang safnsins/geymslur eða í annarri byggingu í nágrenni hennar ef aðstæður leyfa. Í sumum tilfellum getur verið nóg að tilgreina hvar þessa hluti er að finna/hvar þeir fást í stað þess að safna þeim saman í neyðarkistu.

Birgðir í neyðarkistu:

*þarf að endurnýja reglulega

Lýsing	já/nei	Athugasemdir
yfirbreiðslur (úr Tyvek® plasti, vefnaði)		
málaralímband*		
Örtrefjaklútar		
stórir ruslapokar*		
Skófla		
Gólfuskur		
gúmmíhanskar*		
nítrílhanskar*		
kústar/fægiskúffur		
Fata		
Svampar		
tússpenni*		
vasaljós án rafhlaðna		
rafhlöður*		
Rakadrægt efni (þerripappír)		

8. Forgangslisti fyrir björgun safngripa

Nr. og heiti	Mynd	Lýsing	Núverrandi staðsetning	Forgangsröð björgunar

Safngripir í forgangi eru merktir eins og hér segir: (hér er gott að setja mynd)

Dæmi:

-Merki Bláa Skjaldarins

-Endurskinsmerki

Mikilvægt er að búa til plöstuð spjöld með leiðbeiningum um björgun gersema fyrir viðbragðsaðila (sjá dæmi á bls. 5-5 í leiðbeiningariti) og segja hér hvar spjöldin eru að finna.

9. Leiðbeiningar um björgun safngripa og eyðublað fyrir flutning/ ástandsskoðun

Mælt er með að hafa samband við forvörð sem fyrst til að fá ráðgjöf.

Fyrstu skref björgunar

- Byrjið á gripum sem merktir eru forgangi og handleikið gripi með gát.
- Eyðið sem minnstri vinnu í hvern hlut og bjargið sem flestum gripum.
- Reynið ekki flókið hreinsi- eða meðferðarferli meðan á björgun stendur.
- Ráðgist við forverði og stöðvið frekari skemmdir með því að láta gripi þorna hægt á köldum og vel loftuðum stað.
- Hafið samband við tryggingarfélag og/eða Náttúruhamfaratryggingar Íslands, ef um tjón af völdum náttúruhamfara er að ræða: <https://island.is/s/nti>
- Geymið verðmæta gripi í góðum sýrufríum umbúðum.

Flutningur gripa úr safninu

Notið lista um forgang björgunar og skráið hvert gripirnir hafa verið fluttir.

- Litla lausa gripi er auðvelt að flytja á öruggan stað.
- Stóra eða fasta gripi er flóknara að flytja. Mikilvægt er að meta hvort nauðsynlegt er að flytja þá úr byggingunni.

Forðist:

- að pakka blautum gripum í efni eða umbúðir sem geta valdið skaða, t.d. í grófan eldhúspappír sem getur skilið eftir sig för á yfirborði viðkvæmra gripa eða lokaða plastkassa sem hleypa engum raka út,
- að geyma blauta gripi of lengi í umbúðum því að þeir geta byrjað að mygla,
- að byrja að flytja stóra gripi áður en ákveðið hefur verið hvert þeir eiga að fara,
- að nota hitablásara því að hiti + raki = mygla,
- að henda minnstu brotunum úr gripum áður en forvörður er búinn að meta hvort hægt er að nota þá.

Eftir vatnstjón

Ef vatn hefur flætt inn eða lekið og/eða rakastig er mjög hátt í safninu: verður að fjarlægja safngripi sem fyrst, og í réttri forgangs röð, því að mörgum gripum (trégripum, málverkum, pappírsvörkum og textílum) verður að bjarga innan tveggja sólarhringa eigi að komast hjá alvarlegum skemmdum.

Eftir eldsvoða

- Upplýsið slökkviliðið um að efni sem það notar til að reykhreinsa getur valdið skaða á safngripum.
- Reynið ekki að hreinsa viðkvæma safngripi sem eru sótugir eða eru skemmdir af bruna nema hafa fyrst samband við forvörð.

Eftir öskufall

Nauðsynlegt er að byrja á að hreinsa bygginguna að utan og hindra eins og kostur er aðaska komist inn.

- Hreinsið ösku af þökum, úr þakrennum og niðurföllum því að hún getur orðið svo þung að byggingar eða byggingarhlutar hrynji.
- Haldið dyrum og gluggum lokuðum.
- Hafið loftið þurt.
- Setjið mottur utan við dyr hússins svo aðaska berist ekki inn með skóm.
- Komið fyrir plastdúkum á gólfum við alla innganga og glugga til að hindra aðaska berist inn.
- Ryksugið¹ allt eins vel og kostur er.

¹ Sjá leiðbeiningar um hvernig á að ryksuga safngripi.

Eyðublað fyrir flutning gripa og ástandsskoðun: dæmi

- Notið ávallt nítrílhanska til að meðhöndla gripina.
- Takið myndir af gripunum sem sýna safnnúmer og ástand þeirra (framhlið, bakhlið eða nærmyndir eftir þörfum).
- *Ef um vatnstjón er að ræða gefst kannski ekki tíma til að fylla alla dálkana á sama tíma.

Nafn skrásetjarans:					Dagsetning:	
Heiti gripis	Lýsing* (t.d. efni)	Forgangsröð björgunar	Fannst* (staðsetning)	Gripur fluttur, hvert?*	Ástand eftir vát*	Næsta skref

10. Tilkynningar um tjón

Tilkynna skal allt tjón til tryggingarfélags. Séu skemmdirnar af völdum náttúruvár ber einnig að tilkynna þær til Náttúruhamfaratrygginga Íslands.

- Í tilfalli jarðskjálfta skal óska eftir úttekt fagmanna á undirstöðum og burðargrind viðkomandi byggingar, enda þótt engar skemmdir séu sjáanlegar á yfirborðinu.
- Upplýsið tryggingafélagið (eða viðeigandi aðila) að efni sem notað er til að eyða brunalykt getur valdið skaða á safngripum.

11. Upplýsingar um meðhöndlun gripa eftir tegund atviks: yfirlit

Í öllum tilfellum er mælt með því að hafa samráð við forvörð áður en meðhöndlun gripanna hefst.

Meðhöndlun gripa eftir tegund atviks: yfirlit				
Tjón vegna →	vatns	eldsvoða	öskufalls	jarðskjálfta
Tegund gripa ↓	<i>bleyta</i>	<i>sót</i>	<i>öskulag</i>	<i>rifur, brot</i>
Textílar	<i>Reynið að draga mesta vatnið úr gripnum. Skolið hann með hreinu vatni ef hann hefur lent í drullu. Leggið á hreinan flöt á milli tveggja laga af rakadrægu efni (t.d. bómullarlökum eða handþurrkum) og skiptið um leið og lagið er orðið blautt. Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs (væntanlegt 2024).</i>	<i>Hafið samband við forvörð.</i>	<i>Ryksugið varlega. Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs (væntanlegt 2024).</i>	<i>Safnið saman öllum brotum úr hverjum grip fyrir sig og merkið þau viðkomandi grip.</i>
Málaðir og ómálaðir trégripir*	<i>Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs. (væntanleg 2024)</i>	<i>Hafið samband við forvörð.</i>	<i>Blásið öskulagi burt með köldu lofti.*</i>	
Málmur, gler, postulín, steinn	<i>Þurrka með mjúkum tuskum eða hárblásara á lægstu hitastillingu.* Hafa samband við forvörð.**</i>	<i>Þurrka með mjúkum tuskum.* Hafa samband við forvörð.**</i>	<i>Blásið öskulagi burt með köldu lofti með hárblásara á lægstu hitastillingu og þurrkið síðan með mjúkum tuskum.</i>	
Plast	<i>Þurrkið af með mjúkum tuskum og notið blásara með köldu lofti.</i>			

Ólík efni	<i>Metið hvað er hægt að gera miðað við fyrrnefndar leiðbeiningar.</i>
Notið ekki vatn til að hreinsa gripni nema að höfðu samráði við forvörð.	

*Gripur í góðu ástandi, yfirborð gripsins er slétt og ekki að flagna. **Gripur í slæmu ástandi eða hann er gersemi.

Meðhöndlun gripa eftir tegund atviks: yfirlit eftir tegund gripa	
Tjón vegna vatns: <i>bleyta</i>	
Textílar	<i>Reynið að draga mesta vatnið úr gripnum. Skolið hann með hreinu vatni ef hann hefur lent í drullu. Leggið á hreinan flöt á milli tveggja laga af rakadrægu efni (t.d. bómullarlökum eða handþurrkum) og skiptið um leið og lagið er orðið blautt. Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs (væntanlegt 2024).</i>
Málaðir trégripir	<i>Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs (væntanlegt 2024).</i>
Aðrir trégripir	<i>Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs (væntanlegt 2024).</i>
Málmur, gler, postulín, steinn	<i>Þurrkið með mjúkum tuskum eða hárbلاسara á lægstu hitastillingu.*</i>
Plast	<i>Þurrkið með mjúkum tuskum og notið blásara með köldu lofti.</i>
Blandað	<i>Metið hvað er hægt að gera miðað við fyrrnefndar leiðbeiningar.</i>
Notið ekki vatn til að hreinsa gripni nema að höfðu samráði við forvörð.	

Tjón vegna eldsvoða: <i>sót</i>	
Textílar	<i>Hafið samband við forvörð.</i>
Málaðir trégripir	<i>Hafið samband við forvörð.</i>
Aðrir trégripir	<i>Hafið samband við forvörð.</i>
Málmur, gler, postulín, steinn	<i>Þurrkið með mjúkum tuskum.* Hafið samband við forvörð.**</i>
Plast	<i>Þurrkið með mjúkum rökum tuskum.* Hafið samband við forvörð.**</i>
Blandað	<i>Metið hvað er hægt að gera miðað við fyrrnefndar leiðbeiningar.</i>
Notið ekki vatn til að hreinsa gripni nema að höfðu samráði við forvörð.	

Tjón vegna öskufalls: <i>öskulag</i>	
Textílar	<i>Ryksugið varlega. Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs (væntanlegt 2024).</i>
Málaðir trégripir	<i>Blásið öskulagi burt með köldu lofti.*</i>
Aðrir trégripir	<i>Blásið öskulagi burt með köldu lofti.*</i>
Málmur, gler, postulín, steinn	<i>Blásið öskulagi burt með köldu lofti með hárbلاسara á lægstu hitastillingu og þurrkið síðan með mjúkum tuskum.</i>
Plast	<i>Blásið öskulagi burt með köldu lofti með hárbلاسara á lægstu hitastillingu og þurrkið síðan með mjúkum tuskum.</i>
Blandað	<i>Metið hvað er hægt að gera miðað við fyrrnefndar leiðbeiningar.</i>
<i>Notið ekki vatn til að hreinsa gripni nema að höfðu samráði við forvörð.</i>	

Tjón vegna jarðskjálfta: <i>rifur, brot</i>	
Textílar	<i>Safnið saman öllum brotum úr hverjum grip fyrir sig og merkið þau viðkomandi grip.</i>
Málaðir trégripir	
Aðrir trégripir	
Málmur, gler, postulín, steinn	
Plast	
Blandað	

*Gripur í góðu ástandi, yfirborð gripsins er slétt og ekki að flagna.

**Gripur í slæmu ástandi eða hann er gersemi.

12. Upplýsingar um stöðu úrbóta

Dagsetning:

Áhættur	Fyrirbyggjandi aðgerðir	Úrbætur
Eldgos (þ.m.t. aurskriður)	Flytjið safngripina á annan stað ef tími leyfir.	
Eldgos (öskufall)	Breiðið yfir safngripina (sjá yfirbreiðslur á bls. xx). Reynið að halda rakastiginu lágu. Aftengið allan rafbúnað nema nauðsynlegan neyðarbúnað. Lokið algjörlega fyrir loftinntakskerfi og límið fyrir allar loftrásir og alla loka, loftop og glugga. Útvegið ryksugubúnað með vatnssíukerfi og heimilisryksugur með hepa-síum.	
Eldgos (fljótandi hraun)	Flytjið gripina úr safninu ef tími leyfir.	
Eldsvoði (upptaka að utan: reykur, sótt)	Breiðið yfir safngripina (sjá yfirbreiðslur á bls. xx). Lokið algjörlega fyrir loftinntakskerfi bygginga og límið fyrir allar loftrásir og alla loka, loftop og glugga.	
Eldsvoði (upptaka að innan)	<i>Notið slökkvitækin.</i>	
Fárvirði (fjölbreytilegasta váin) getur valdið eldsvoða, flóðum, hruni bygginga, auk sprenginga, spilliefnaslysa, samgönguslysa og veitubilana	Setjið límband yfir glerrúður til að draga úr hættu á að þær brotni.	

<p>Jarðskjálftar og hrun byggingarhluta</p>	<p>Fáið byggingaeftirlitið til að skoða bygginguna ef vart verður við vandamál eins og sprungur eða veika burðarbita, gólfsig eða sigin loft.</p> <p>Leitið aðstoðar hjá byggingafulltrúa viðkomandi sveitarfélags.</p> <p>Greinið áhættu vegna nærliggjandi bygginga eða trjáa. Sagið burt dauðar trjágreinar. Festið nálæg tré með stagvírurum ef þörf krefur.</p> <p>Gangið úr skugga um að gripir sem eru hengdir á vegg séu vel festir.</p>	
<p>Vatnsflóð</p>	<p>Kynnið ykkur hversu hátt grunnvatn stendur þegar flóð verða.</p> <p>Athugið frárennsli frá byggingunum.</p>	
<p>Veitubilun</p>	<p>Yfirfarið allar aðveitur eftir reglulegri áætlun.</p> <p>Notið viðbragðsáætlun og komið á fundi með stjórnendum veitna í héraðinu til að tryggja að safnið verði varað við fyrirhuguðum eða líklegum veitutrufnunum.</p> <p>Látið setja einstefnuloka í vatnslása við fráveitu í byggingunum til að koma í veg fyrir að flóðvatn komi upp um fráveiturör.</p> <p>Geymið aukabirgðir af rafmagnsöryggjum, ljósaperum o.þ.h. nærri þeim stöðum þar sem þeirra er þörf.</p>	
<p>Tölvuáras</p>	<p>Hafið samband við lögreglu.</p>	

13. Athugasemdir

Dagsetning	Athugasemdir	Áritun